



VESTURBYGGÐ

## Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

### **Fasteignagjöld árið 2017 Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi.**

Á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 23. nóvember 2016 voru samþykktar styrkveitingar til félagasamtaka til greiðslu á fasteignagjöldum árið 2017.

Skilyrði styrkveitingar er að húsnæðið sé nýtt til starfsemi félagasamtaka er sinna menningarmálum, íþróttamálum og til björgunarsveita. Styrkur er einungis veittur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds, að hámarki til hvers félags 95.000 kr. Styrkveiting miðast við áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfssemi.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðaleiga, vatnsgjald og sorggjald.

Af þeim hluta húsnæðisins sem leigt er út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld. Styrkveiting er háð því að félög skili inn ársreikningi vegna ársins 2016, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomandi fasteignar og skili inn umsókn fyrir 1. júní 2017.

Ákvörðun um styrk til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds verður tekin í ljósi innsendra upplýsinga.

Vesturbyggð, 1. febrúar 2017  
Bæjarstjórinn í Vesturbyggð.